



Janúar 2019

Endurbætt útgáfa Nr. 3 dags 29. janúar

Vitavarðarhúsið við Hornbjargsvita - gistiskáli Ferðafélags Íslands

Viðgerðir og lagfæringar

Fylgiskjal með umsókn til Hornstrandanefndar og Umhverfisstofnunar

um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði (Hornstrandafriðland) við Hornbjargsvita í því skyni að vernda náttúru og bæta öryggi ferðamanna.



1. Inngangur

Ferðafélag Íslands hefur umráð yfir vitavarðarhúsinu við Hornbjargsvita samkvæmt leigusamningi við siglingasvið Vegagerðarinnar. Þar hefur á sumrin verið rekin ferðaþjónusta í svipuðum stíl og Ferðafélagið rekur víða annars staðar á landinu. Félaginu er kappsmál að reksturinn gangi vel og slysalaust fyrir sig og með sem minnstum áhrifum á hina viðkvæmu náttúru Hornstranda.

Ýmis mannvirki við Hornbjargsvita og vitavarðarhúsið eru nú komin mjög til ára sinna. Viðhald og endurnýjun er orðin brýn.

Í samráði við Vegagerðina og aðra hagsmunaaðila vill Ferðafélagið nú ráðast í brýnar lagfæringar og endurbætur sem lýst er í þessu skjali.

2. Framkvæmdin

Meiningin er að bæta öryggi ferðamanna og vernda náttúru á eftirfarandi hátt:

- 1 Setja upp þurrklósett
- 2 Lagfæra fallpípu að vatnsrafstöð
- 3 Endursmíða fúinn og hættulegan stiga úr fjöru upp á brún.
- 4 Endursmíða fúna og varasama togbraut fyrir vörur úr fjöru upp á brún.
- 5 lagfæra gangráð vatnsvirkjunar vitans og fá þannig stöðuga spennu og tíðni.

3. Framkvæmdatími

Veður og aðstæður eru breytileg í Hornbjargsvita. Sæta þarf lagi varðandi aðdrætti og vinnuafl. Meginhluti verksins verður unnið á tímabilinu 15. júní 2019 til 31. júlí 2019, einmitt þegar Ferðafélagið er með opna gístiaðstöðu í vitavarðarhúsinu. Frágangsvinna og verklok verða í júní og júlí sumarið 2020.

4. Afturkræfni

Það er álit Ferðafélagsins að verkefnið sé að fullu afturkræft:

- endursmíðaðan stiga og togbraut úr fjöru upp á brún megí fjarlægja og ummerki munu hverfa fljótt.
- fallpípu megí taka í burtu og ummerki um hana muni hverfa frekar fljótt.
- þurrklósett megí fjarlægja án ummerkja.
- gangráð rafstöðvarinnar er smáhlutur sem hægt er að fjarlægja án ummerkja.

5. Staðan nú

Búið er að gera þarfagreiningu og skilgreina verkþættina. búið er er að kanna verð á efni og búnaði sem þarf til að vinna verkið. Verkskipulagning stendur yfir. Stjórnendur verkefnisins hafa verið valdir.

Verkið í heild mun kosta um 20 milljónir króna. Ferðafélagið mun leggja til hluta fjárins en einnig var sótt í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða haustið 2019 og er svar við þeirri styrkumsókn ekki komið þegar þetta er skrifað.

Hornbjargsviti er vaxandi áfangastaður í friðlandinu Hornstrandir. Þar er mikilvægt húsaskjól sem annars er ekki á stóru svæði. Um 500 gistinætur voru í vitavarðarhúsinu við Hornbjargsvita

sumarið 2018. Hornbjargsviti (vitavarðarhúsið) er sterkur og traustur viðkomustaður ferðamanna um Hornstrandir. Þangað eru reglubundnar siglingar á sumrin.

6. Verklef framkvæmd

- Áformað er að endursmíða uppgöngu frá fjöru upp á klettabrún við Hornbjargsvita. hæðarmunur er 21 metri. Núverandi stigi og vörulyfta eru orðin mjög fúin og hættuleg. Við núverandi aðstæður er töluverð hættu á falli þegar fólk er að fara upp eða ofan hinn lélega stiga sem nú er, á honum er engin hvíldarpallur þannig að fall getur orðið hátt ef einhverjum skrikar fótur efst. Byggður verður nýr stigi, ~~trúlega~~ úr galvaniseruðu stáli. En togbrautin verður að ~~líkindum~~ endurgerð úr timbri.
- Fallpípa vatnsvirkjunarinnar verður endurnýjuð að hluta.
- Byggt verður þurrklósett sem lengi hefur vantað.
- Gangráður vatnsvirkjunarinnar verður endurnýjaður.

7. Uppganga úr fjöru

Aðgengi úr fjöru og upp á klettabrún er erfitt og hættulegt. Verkefnið felst í að gera ~~betri göngustiga til uppgöngu~~ og togbraut fyrir farangur. Öryggi ferðafólks mun batna til muna þegar lélegur gamall stigi verður endursmíðaður. Nýr stigi ~~verður yrði líka~~ byggður í samræmi við núgildandi byggingareglur og öryggi ferðamanna þá fært til betra horfs.

Nýr stigi og togbraut, eykur öryggi ferðamanna til muna og kemur í veg fyrir hentistígamyndun og jarðvegsrof í klettabrún og í fjöru. Nýr stigi og togbraut verður gerð úr varanlegu efni og ætti að endast í áratugi. Stiginn er ~~í aðalatriðum~~ í tveimur hlutum:

Neðri hluti (hreyfanlegur): Þessi hluti nær frá fjöruborði og um ~~58-10~~ metra upp (lóðrétt hækkun). Svo nærri sjávarborðinu gætir mjög ágangs sjávar og íss á veturna og þarf þess vegna að taka þennan neðri hluta upp að hausti. Sá háttur er hafður með núverandi tréstiga. Nýi stiginn verði eins og þessi mynd sýnir. Ofan hans verður fastur hvíldarpallur. Hann verður úr galvaniseruðu stáli, byggður þannig að hann megi hífa upp úr fjörunni að hausti og setja niður að vori. Breidd neðri stigans verður um 80-90 sm og með 90 sm háu handriði beggia vegna. Verður því svo fyrir komið að hann megi draga beint upp að hausti og láta hann hvíla ofan á fasta efri stiganum veturlangt. Nákvæm útfærsla á stiganum (fjöldi þrepa og halli o.s.frv.) á festingum verður ákveðin í undirbúningsferð í vitann í júní. Í kjölfarið verða gerðar útlits og smíðateikningar af stiganum.

Efri hluti: (fastur):

Þessi hluti verður úr galvanhúðuðu stáli og byggður úr stöðluðum efnishlutum.

Fullnaðarhönnun er ekki lokið og ekki er gerlegt að fullhanna stigann þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um halla landslags og aðstæður til festinga. Í fyrstu ferð í júní verður aflað þessara upplýsinga til að ljúka fullnaðarhönnun stigans (hallatala, þrepafjöldi, festipunktar, samsetningar osfrv.). Myndin hér að neðan sýnir ~~stigann ams konar stiga og sem~~ byggður

Fylgiskjal með umsókn til Umhverfisstofnunar um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði (Hornstrandafriðland) við Hornbjargsvita í því skyni að vernda náttúru og bæta öryggi ferðamanna.

verður. Þessi hluti stigans (efri hlutinn) ~~Stiginn~~ verður fastur á sínum stað allt árið og við neðri enda hans ~~neðan hans~~ verður fastur láréttur hvíldarpallur.

Myndin hér fyrir neðan sýnir staðsetningu nýja stigans, við hlið togbrautarinnar.




Myndin hér fyrir neðan sýnir núverandi stiga.

Fylgiskjal með umsókn til Umhverfisstofnunar um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði (Hornstrandafriðland) við Hornbjargsvita í því skyni að vernda náttúru og bæta öryggi ferðamanna.



Prepin verða 120 sm breið ristarþrep og gerð úr galvaniseruðu stáli. 90 sm hátt handrið verður beggja megin. Handrið verður úr 40mm sverum galvaniseruðum rörum. Burðarbitar stigans (kjálkarnir) verða úr stöðluðu 3 mm þykku efni eins og hér er sýnt:



Fylgiskjal með umsókn til Umhverfisstofnunar um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði (Hornstrandafriðland) við Hornbjargsvita í því skyni að vernda náttúru og bæta öryggi ferðamanna.

Þrepin verða af þeirri gerð sem sýnd er hér að neðan.




Fylgiskjal með umsókn til Umhverfisstofnunar um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði (Hornstrandafriðland) við Hornbjargsvita í því skyni að vernda náttúru og bæta öryggi ferðamanna.

8. Fallpípa

Vatnsaflsvirkjunin er hjarta staðarins. Virkjun, sem er um 20 kW, er nógu stór til að anna allri raforkuþörf staðarins; lýsingu, upphitun og að stærstum hluta eldunar. Virkjunin er að spara dísilolíunotkun á um 50 lítrum á dag sem spara í allri keðjunni þ.e. er ekki þarf að flytja olíuna um langan veg norður og svo í land á gúmbáti, flytja í brúsum upp togbrautina, millihella og brenna síðan með tilheyrandi mengun. Betri gangráður mun auk þess gera kleift að minnka gasnotkun að mestu.

Fallpípa virkjunarinnar frostsprakk illa á þeim tíma sem leið frá því að vitavörslu var hætt og þar til farið var að reka ferðaþjónustu á staðnum. Annar búnaður virkjunarinnar er einfaldur og traustur og í góðu ástandi þótt gamall sé. Steypt inntaksvirki, steypt stöðvarhús, dönsk Pelton túrbína frá árinu 1915 og sænskur þriggja fasa rafall með eignin spennustýringu frá árinu 1934. Búnaður sem orðinn þetta gamall og er geymdur við þessar aðstæður (65 daga notkun og svo látinn standa í raka og kulda 300 daga ári) er traustur. Sama má segja um og Lister vélarnar við dráttarbrautina svo og vararafstöðin. Einfaldur og traustur búnaður sem sómir staðnum vel og varðveitir auk þess sögu hans.

Ný fallpípa verður úr plasti og lítið jarðrask mun fylgja því að setja hana niður. Slíkt jarðrask myndi jafna sig á 1-2 sumrum. Fallpípan er um 700 metra löng og grafin 20-40 sm undir yfirborðið. Fyrir fáeinum árum var miðjuhluti hennar endurnýjaður með plaströri. Nú stendur til að skipta út neðsta hlutanum (um það bil 300 metrar) og einnig efsta hluta (um það bil 150 metrar) pípunnar.



Myndin sýnir neðri hluta brekkunnar niður að húsunum við Hornbjargsvita. Rauða línan sýnir hvar fallpípan liggur (niðurgrafin) ofan úr brekkunni og niður að vélahúsinu.

Fylgiskjal með umsókn til Umhverfisstofnunar um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði (Hornstrandafriðland) við Hornbjargsvita í því skyni að vernda náttúru og bæta öryggi ferðamanna.

Myndin hér að neðan sýnir litla stíflu efst í læknum og steipt inntak við efri enda pípunnar. Þaðan liggur pípan niður að rafstöðvarhúsinu:



Fylgiskjal með umsókn til Umhverfisstofnunar um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði (Hornstrandafriðland) við Hornbjargsvita í því skyni að vernda náttúru og bæta öryggi ferðamanna.

Myndin hér að neðan sýnir rafstöðvarhús:

Gönguhópur fyrir framan rafstöðvarhús, en þaðan er oftast lagt af stað (hýsir vatnsaflsstöð og vararafstöð). Inntakslögn kemur neðanjarðar og frárennsli er um stokk bak við hús og fer sem lækur fram af klettabrún. Engin ummerki munu sjást á yfirborði eftir endurnýjun lagnar. Vatnsaflsvirkjunin er partur af kyrrð staðarins, en getur samtímis gert skálann að því þurra, hlýja og örugga skjóli sem ferðlangar, oft hraktir og blautir, kunna að meta.



Fylgiskjal með umsókn til Umhverfisstofnunar um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði (Hornstrandafriðland) við Hornbjargsvita í því skyni að vernda náttúru og bæta öryggi ferðamanna.



Myndin sýnir legu núverandi fallpípu. Nýja pípan verður lögð á sama stað. Vegna vatnsleka hefur jarðvegur á stöku stað runnið frá/ofan af pípunni. Þetta verður lagað og gengið frá landi til nákvæmlega sama horfs og það var áður (þökur geymdar til hliðar og lagðar aftur yfir, sama verklag og var viðhaft við endurnýjun vatnslagnar í Hvítavatnsskála sem nýtur einnig verndar). Og pípan öll hulin hulin-jarðvegi á 20-~~40~~100 sm dýpi. ~~eins og henni var ætlað að vera.~~ Heildarlengd pípunnar er um 700 metrar. Um 250 metrar hafa þegar verið endurnýjaðir. Núna verður áformað er að núna verði skipt um efstu 150 metrana og einnig neðstu 300 metrana. Núverandi stállögn er með innanmálið 15 sm. Í stað hennar verður sett plaströr með sama innanmáli.

	Lengd	Tegund	Veggþykkt	Þyngd per metra	Heildarþyngd rörs
Efri hluti	150 m	(PE100 - plaströr DIN 8074-5, SDR 17, d180	10,7mm	5,71 kg	856 kg
Neðri hluti	300 m	PE100 - plaströr DIN 8074-5, SDR 11, d180	16,4mm	8,42 kg	2.526 kg

Taflan sýnir gerð og lend plaströra sem áformað er að nota.

Þessi rör koma í 12 metra lengjum frá verksmiðju. Rörin verða soðin saman á Norðurfirði í 48 metra lengjur með flans á báðum endum. Hver 48 metra lengja af grennri gerð verður 275 kg að þyngd. Hver lengja af þykkari gerðinni verður 404 kg. Myndin sýnir rör með flans á báðum endum.



Mynd:

~~Þrjár 150m lengdir.~~ Þessi löngu 48 metra löngu rör verða svo dregin fljótandi aftan í bát norður eftir og síðan dregin á land í Látravík, fast við neðri enda togbrautarninnar. Þar. Með aðstoð spilsins sem er á staðnum verða rörin síðan dregin upp togbrautina og upp á grasflötina við húsin. Dísilknúna spilið sem þegar er við togbrautina ~~verður yfir~~ notað til að draga rörin á land og uppá flötina fyrir ofan vitavarðarhúsið sléttlendi í námunda við vitann. Til þess að ekk verði jarðrask vegna flangsanna á rörinum verða settir undir flangsana eins konar „sleðar“, 100sm x100sm harðplastplötur (PVC) 10mm þykkar með sléttu yfirborði sem strýkst með jörðinni án þess að valda neinu raski. Þyngdardreyfingin verður mjög mikil. (líkt og snjóþota á snjó). Færanlegur spilbúnaður (12V „jeppaspil“ og rafgeymir) verður svo notaður til að toga þau ofar í hlíðina og koma þeim á sinn stað. Akkerispunktar fyrir spilið verða gerðir á þann hátt að járnkarl verður rekinn niður í jörðina með slaghamri og svo tekinn upp að verki loknu. Ekkert jarðrask hlýst af slíkri notkun járnkarlsins.

~~Annar hugsanlegur möguleiki er að flytja rörin í 12 metra bútum á verkstað sjóleiðis (eða með þyrllu), draga þau upp hlíðina á handafli og sjóða þau saman þar.~~

9. Gangráður virkjunar:

Gamli mekaníski gangráðurinn (tryggir stöðugan snúningshraða rafalsins) er ónýtur og ekki lengur til staðar. Það er því engin álagsstýring á virkjuninni. Nútíma gangráður er bæði einföld og traust framkvæmd. Slíkur búnaður er til smíðaður á Íslandi, frá vélaverkstæðinu Árteigi (<https://www.arteigur.is/>). Með honum væri hægt að nýta betur virkjunina sem kæmi fram með þrennum hætti:

1. Spenna og tíðni yrði stöðug þannig að raftæki entust betur og hægt væri að nota fínlegri búnað s.s. ísskápa, varmadælur og fl.
2. Hægt að minnka notkun á aðfluttu gasi þar sem hægt t.d. væri að hita vatn í sturtur með rafmagni í stað gass.
3. Virkjunin er með litla sem enga rennslismiðlun. Minni vatnsnotkun á nóttunni mundi nýtast yfir daginn og þar með minnka líkur á að nauðsynlegt sé að nota varafl (dísil) í þurrkatíð.

Fylgiskjal með umsókn til Umhverfisstofnunar um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði (Hornstrandafriðland) við Hornbjargsvita í því skyni að vernda náttúru og bæta öryggi ferðamanna.

10. Þurrklósett:

Að vori og hausti utan opnunartíma skálans til er lítils háttar umferð ferðafólks við Hornbjargsvita.

Ferðafélagið hefur ekki í hyggju neitt sem gæti stuðlað að aukinni umferð að vetrarlagi. Samt sem áður, og með tilliti til umhverfislýta sem blasa við á hverju vori, áformar að bæta úr þessu með því að koma upp þurrklósetti.

Segja má að þurrklósett sé búnaður til að umgengni um svæðið, utan opnunartíma skálans, sé til samræmis við vernd svæðisins.

Myndin sýnir þurrklósett sömu gerðar og fyrirhugað er að koma upp við Hornbjargsvita. Gólfhlötur er 1-2 fermetrar. Klósettið verður staðsett fast upp við ~~vitavarðarhúsið eða~~ eitt af útihúsum ~~staðarins þess.~~ og undir honum verður 100 lítra ílát (stækkanlegt ef þörf krefur) sem svo verður losað á hverju vori.

Ferðafélaginu hefur ekki tekist að nálgast teikningar af núverandi húsakosti nema að litlu leyti. Engar teikningar finnast af útihúsinu þar sem þurrklósettið verður staðsett. Málsettar teikningar af húsum og mannvirkjum eru því ekki tiltækar. Ef leyfi fæst fyrir framkvæmdum við vitann mun Ferðafélagið ganga í það að í vor til að mæla upp og teikna öll hús og mannvirki á staðnum og gera síðan vandaða teikningu sem svo verður send Umhverfisstofnun og öðrum sem þess óska.

Að svo stöddu verður að styðjast við ljósmyndir til að gefa til kynna staðsetningu þurrklósettsins. Sjá mynd hér fyrir neðan.



Fylgiskjal með umsókn til Umhverfisstofnunar um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði (Hornstrandafriðland) við Hornbjargsvita í því skyni að vernda náttúru og bæta öryggi ferðamanna.



Myndin sýnir staðsetningu þurrklósetts.

Ferðafélagið munáformar að ráðstafa salernisúrgangi frá þessu þurrklósetti í byrjun sumars ár hvert með því að grafa hann í jörð á lóð vitavarðarhússins og á þannig hátt að ekki stafi hættu af mengun yfirborðsvatns eða sjávar. Ef þessi aðferð er ekki heimiluð mun félagið sjá um að flytja salernisúrganginn af svæðinu og/eða farga honum á annan þann hátt sem Umhverfisstofnun heimilar.

Fylgiskjal með umsókn til Umhverfisstofnunar um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði (Hornstrandafriðland) við Hornbjargsvita í því skyni að vernda náttúru og bæta öryggi ferðamanna.

11. Smágrafa

Ef leyfi fæst verður flutt með þyrlu smágrafa af þessari eða svipaðri gerð: Hitachi EX08-2B sem er á 18 sm breiðum gúmmibeltum og vegur aðeins 800 kg. Sjá mynd.

Gröfunni verðuryrði einungis ekið á neðsta parti lagnarinnar sem er mikið til lágréttur og að stærstum hluta gömul tún. Með henni verðuryrði grafinn um 50 sm djúpur skurður fyrir nýju pípunni. Miðhluti lagnarinnar er þegar úr plasti og þarf því ekki að skipta út. Sökum mikils bratta verður ekki hægt að nota smágröfuna við efsta hluta pípunnar. Efsta hlutanum þarf í öllu falli að skipta út og ganga frá landi á eftir með handafli.

Ef ekki fæst leyfi til að nota smágröfu verður verkið unnið með handafli (á óhentugri og eitthvað dýrari hátt).



12. Förgun gamla mannvirkja

Alt efni, stál eða plast, sem gengur af eða gamalt sem grafið er upp, verður flutt af staðnum til förgunar. Timburúrgangur úr gamla stiganum og togbrautinni verður fjarlægður á sama hátt eða honum fargað á staðnum á þann hátt sem heimilt er. Stálrörin verða hlutuð niður í 50-100 sm búta sem svo verða bornir á höndum niður í fjöru og þaðan fluttir með bát út í skip til förgunar.

13. Samráð

Ferðafélaginu er umhugað um að hafa sem best samráð við yfirvöld og hagsmunaaðila. Vegagerðin (siglingasvið) hefur fyrir sitt leyti lýst stuðningi við þessar áformuðu endurbætur og viðgerðir. Eftir því sem fregnir herma er hugsanlegt að Vegagerðin ráðist í að gera við þak vitavarðarhússins sumarið 2019. Ef til kemur mun Ferðafélagið hafa náð samráð við vegagerðina um efnisaðdrætti og annað sem til verksins þarf.

Þá verður leitast við að hafa fullt samráð við Umhverfisstofnun og Ísafjarðarbæ.

Sérstaklega er óskað eftir leiðsögn og ábendingum Umhverfisstofnunar varðandi hönnun og frágang mannvirkja.

Að fengnu framkvæmdaleyfi verður verður Landhelgisgæslan og Neyðarlínan upplýst um fyrirhugaðar framkvæmdir og óskað eftir aðkomu og aðstoð eftir atvikum.

14. Verkstjórn

Halldór Hafdal Halldórsson, skálavörður FÍ í Hornbjargsvita til margra ára, Stefán Jökull Jakobsson umsjónarmaður húsa og húsasmíðameistari Ferðafélagsins og Arnþór Þórðarson verkfræðingur og löggiltur byggingastjóri munu sjá um hönnun og framkvæmdir við endurbætur

Fylgiskjal með umsókn til Umhverfisstofnunar um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði (Hornstrandafriðland) við Hornbjargsvita í því skyni að vernda náttúru og bæta öryggi ferðamanna.

á stiga, togbraut og vetrarklósetti. Þá mun Lárus Elíasson vélaverkfræðingur undirbúa viðgerðir á fallpípu og gangráði vatnsvirkjunar og hafa umsjón og eftirlit með þeim framkvæmdum.



Halldór, Stefán, Arnþór og Lárus

15. Ábyrgð

Ferðafélag Íslands mun hafa yfirumsjón og bera ábyrgð á framkvæmdinni.

Fylgiskjal með umsókn til Umhverfisstofnunar um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði (Hornstrandafriðland) við Hornbjargsvita í því skyni að vernda náttúru og bæta öryggi ferðamanna.

16. Ýmsar ljósmyndir frá Hornbjargsvita



Fylgiskjal með umsókn til Umhverfisstofnunar um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði (Hornstrandafriðland) við Hornbjargsvita í því skyni að vernda náttúru og bæta öryggi ferðamanna.



Frostskemmdir á fallpípunni

Fylgiskjal með umsókn til Umhverfisstofnunar um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði (Hornstrandafriðland) við Hornbjargsvita í því skyni að vernda náttúru og bæta öryggi ferðamanna.



Óprýði af lekri fallpípu – verið að laga staðbundna leka á neðsta hluta lagnar.

Fylgiskjal með umsókn til Umhverfisstofnunar um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði (Hornstrandafriðland) við Hornbjargsvita í því skyni að vernda náttúru og bæta öryggi ferðamanna.



Varasamur stigi og engir millipallar / hvíldarpallar. 21 metra hækkun.

Fylgiskjal með umsókn til Umhverfisstofnunar um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði (Hornstrandafriðland) við Hornbjargsvita í því skyni að vernda náttúru og bæta öryggi ferðamanna.



Togbraut fyrir rekstrarvörur og farangur.

Fylgiskjal með umsókn til Umhverfisstofnunar um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði (Hornstrandafriðland) við Hornbjargsvita í því skyni að vernda náttúru og bæta öryggi ferðamanna.



Stiginn er orðinn gamall og fúinn, verður sleipur og varasamur í bleytu.

Fylgiskjal með umsókn til Umhverfisstofnunar um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði (Hornstrandafriðland) við Hornbjargsvita í því skyni að vernda náttúru og bæta öryggi ferðamanna.



Vatnsleki úr aðrennslispípu. Efsti hluti lagnar víða slæmur og vatn hefur hér skolað í burtu jaðarvegshulu.



Spilhúsið og efsti hluti togbrautar.

Fylgiskjal með umsókn til Umhverfisstofnunar um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði (Hornstrandafriðland) við Hornbjargsvita í því skyni að vernda náttúru og bæta öryggi ferðamanna.



Fylgiskjal með umsókn til Umhverfisstofnunar um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði (Hornstrandafriðland) við Hornbjargsvita í því skyni að vernda náttúru og bæta öryggi ferðamanna.



Brött uppganga.